

**Náttúrustofa Vestfjarða**  
Aðalstræti 21 · 415 Bolungarvík  
Kt. 610397-2209

## ÁRSKÝRSLA

# ÁRSSKÝRSLA

## NÁTTÚRUSTOFU VESTFJARÐA

# NÁTTÚRUSTOFU VESTFJARÐA

# 1. STARFSÁR 1997

Forstöðumaður  
Dr. Þorleifur Eiríksson

Náttúrstofa Vestfjarða  
Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík  
Sími: 456 7005, fax 456 7351, netfang: nv@isholf.is

## Inngangur

Fyrsta starfsár Náttúrstofu Vestfjarða hefur eins og við má búast einkennst af því að verið er að koma Náttúrustofunni á laggirnar. Hlutverk náttúrustofa eru samkvæmt lögunum mjög víðtæk. Helsta verkefnið í byrjun hefur því verið að finna náttúrustofunni farveg þannig að starfsemin gæti farið af stað og byrjað að skila árangri. Samfara því hefur verið reynt að byggja upp aðstöðu í samræmi við fyrstu verkefni.

Náttúrstofur eru tiltölulega nýjar stofnanir, sem annast söfnun og dreifingu upplýsinga um náttúrufar í einum landshluta. Náttúrstofur eru samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Heimild er fyrir inni stofu í hverju kjördæmi. Náttúrustofa Vestfjarða er sú þriðja í röðinni en hinar eru Náttúrustofa Austurlands og Náttúrustofa Suðurlands.

Þó að þrjár stofur séu teknar til starfa er starfsemi þeirra enn ómótuð. Engar leiðbeiningar eru fyrir hendi um starfsemina og ekki eru komnar hefðir um hvar Náttúrstofur skuli mest láta til sín taka. Forstöðumenn náttúrustofanna eru í stöðugu sambandi og það er fullur vilji fyrir hendi að byggja upp stofurnar þannig að það þær styðji hver aðra.

Hver og ein náttúrustofa verður að þróast sjálfstætt, þar sem sérstaklega er tekið mið af sérstöðu hvers landsvæðis fyrir sig. Náttúrustofur hafa aldrei verið hugsaðar sem einangruð fyrirbrygði og mikilvægt að þær vinni í nánu samstarfi við aðra aðila á svæðinu sem vinna að tengdum málum. Náttúrustofa Vestfjarða er nú þegar komin í samband við ýmsar stofnanir og samstarf hafið um nokkur verkefni og önnur eru á viðræðustigi.

Mikilvægasta verkefnið í byrjun hefur verið að safna saman þeim upplýsingum sem til eru um náttúrufar Vestfjarða og leggja þannig grunninn að upplýsingabanka á staðnum og haldgóðri vitneskju um hvar á að nálgast tilteknar upplýsingar.

## Lög

Heimild fyrir stofnun Náttúrustofa kom í lögum um Náttúrfræðistofnun Íslands og náttúrstofur (nr. 60/1992).

Í þeim lögum eru helstu hlutverk náttúrustofa skilgreind í þremur liðum:

- Að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum, einkum í viðkomandi landshluta.
- Að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál
- Að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.

Náttúrustofum er heimilt að gerast aðili að sýningarsafni, en fjárhagur slíks safns og stofunnar skal vera aðskilinn.

Í lögunum um Náttúrfræðistofnun Íslands og náttúrustofur er líka veitt heimild til að stofna setur Náttúrfræðistofnunar Íslands, eitt í hverjum fjórðungi, eða fimm í allt og þegar er búið að stofna eitt á Akureyri. Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að setur Náttúrfræðistofnunar þróist upp úr náttúrustofum, sem starfa í tengslum við safn.

## Hlutverk

Hlutverk náttúrustofa er að mörgu leiti það sama og hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands og gert er ráð fyrir því að þessar stofnanir starfi saman þó allar séu þær sjálfstæðar með eigin stjórn.

Nú þegar hafa þrjár stofur verið settar á stofn: Náttúrustofa Austurlands í Neskaupstað, Náttúrustofa Suðurlands í Vestmannaeyjum og nú síðast Náttúrustofa Vestfjarða í Bolungarvík. Tvær í viðbót, Náttúrustofa Vesturlands í Stykkishólmi og Náttúrustofa Norðurlands Vestra á Sauðárkróki, munu taka til starfa fljótlega. Það eru komnar reglugerðir fyrir báðar þessar stofur og það er búið að skipa stjórn fyrir stofuna í Stykkishólmi. Þar að auki eru hafnar viðræður milli sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi og Umhverfisráðuneytisins um staðsetningu Náttúrustofu þar, en ekki er komin niðurstaða.

Gert er ráð fyrir því í lögnum að Náttúrustofurnar vinni í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands. Til að tryggja þetta samstarf sitja forstöðumenn náttúrustofanna ársfund Náttúrufræðistofnunar. Forstöðumenn Náttúrustofanna tilnefna einnig einn fulltrúa í stjórn Náttúrufræðistofnunar. Þar sem Náttúrustofurnar eru svo nýjar af nálinni hafði enginn fulltrúi tilnefndur af náttúrufræðistofnum setið í stjórn Náttúrufræðistofnunar. Við stjórnaskipti sumarið 1997 tilnefndu forstöðumenn Náttúrustofanna dr. Guðrúnu Á Jónsdóttur forstöðumann Náttúrustofu Austurlands.

Forstöðumenn náttúrustofanna þriggja, sem hafa tekið til starfa, hittast reglulega og eru sammála um mikilvægi þess að náttúrustofurnar starfi saman.

Náttúrustofurnar eru nýjar af nálinni og því ekki fengið mörg sérverkefni eða skyldur sem skilgreindar eru í lögum önnur en almenn ákvæði í upphaflegu lögnum og reglugerð í framhaldi af þeim, en það kann að breytast.

Hér á Vestfjörðum má hugsa sér mörg sérverkefni, t.d. rannsóknir náttúrfari Hornstranda. Þannig hefur fjárveitingarnefnd alþingis veitt Náttúrustofu Vestfjarða eina miljón í fjárveitingu til að hefja rannsóknir á hornsröndum.

Í þingsályktunartillögu um tilraunaveiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum er Náttúrustofa Vestfjarða nefnd sem eðlilegur eftirlitsaðil ef farið yrði í slíkar aðgerðir.

Í lögum um vernd Breiðafjarðar (nr 54/1995) er Náttúrstofu Vestfjarða, Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrfræðistofnun Íslands ætlað að stunda markvissar rannsóknir á svæðinu í samvinnu við Breiðafjarðarnefnd. Ráðherra getur einnig veitt fyrrgreindum stofnunum leyfi til að standa sameiginlega að rannsóknarstöð á svæðinu (þess skal getið í þessu sambandi að leyfilegt er að hafa starfsemi einnar náttúrustofu á fleiri en einum stað í kjördæminu). Náttúrstofan hefur ekki tekið beinan þátt í þessu verkefni ennþá, en fylgst með starfi Breiðafjarðarnefndar og verið í sambandi við starfsmann hennar..

Gera má ráð fyrir því að þegar sveitarfélög standa við sinn hluta í uppbygginu náttúrustofu og aðstaðan orðið góð, sé eðlilegt að stofnum sé veitt fleiri verkefni og rannsóknar og þjónustustafsemi í náttúrufræðum þannig færð í meira mæli heim í hérað en nú er.

## **Reglugerð um Náttúrustofu Vestfjarða**

Í reglugerðum fyrir hverja náttúrustofu er hlutverk náttúrstofa skýrt nánar og eru þær reglugerðir sem þegar eru komnar mjög líkar.

Umhverfisráðherra setti reglugerð um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík 29.júlí 1996.

Í reglugerð um Náttúrustofu Vestfjarða (nr. 459/1996) stendur að hlutverk náttúrustofunnar sé:

- a) Að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru vestfjarða.
- b) Að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum og skal einkum lögð áhersla á Vestfirði og sérstöðu náttúrufars á þeim slóðum.
- c) Að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál bæði fyrir almenning og í skólum á Vestfjörðum.
- d) Að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga á Vestfjörðum.
- e) Að veita sveitarfélögum á Vestfjörðum umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði stofunnar m.a. vegna nýtingar auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda, enda komi greiðsla fyrir.

## **Stjórn**

Umhverfisráðherra skipaði stjórn samkvæmt tilnefningum og formann og varaformann án tilnefningar.

Formaður: Svein Bernódusson járnsmiður, Bolungarvík

Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri, Bolungarvík

Smári Haraldsson, menntaskólakennari, Ísafirði

Varamenn: Jón Reynir Sigurvinsson aðstoðarskólamistari, Ísafirði

Björn Hafberg, skólastjóri, Flateyri

Águst K. Björnsson, sveitarstjóri, Súðavík

Dr. Þorleifur Eiríksson dýrafræðingur var ráðinn forstöðumaður og tók hann til starfa 01.01.'97. Þorleifur lauk BS-prófi í Líffræði frá Háskóla Íslands 1982 og doktorsprófi í dýrafræði frá Háskólanum í Stokkhólmi 1992.

## **Upphof Náttúrustofu Vestfjarða**

Árið 1994 staðfesti þáverandi umhverfisáðherra, Össur Skarphéðinsson að Náttúrustofa Vestfarða yrði staðsett í Bolungarvík.

Þessi ákvörðun ráðherra var kynnt á 39. Fjórðungsþingi Vestfirðinga 1994. Á þingskjali nr. 40 (1994) er ákvörðun ráðherra fagnað og lýst yfir stuðningi við að starfrækja Náttúrustofu Vestfarða í Bolungarvík samhliða því að þingið taldi eðlilegt "að stefnt verði að stofnun eins náttúrugripasafns fyrir Vestfirði sem verði starfrækt í tengslum við náttúrustofuna".

Árið 1995 var notað til undirbúnings og viðræðu við þáverandi umhverfisráðherra, Össur Skarphéoinsson, og síðar Guðmund Bjarnason, sem og þá Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóra umhverfisráðuneytisins, og forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands, Jón Gunnar Ottósson.

Í byrjun ársins 1996 var öllum sveitarstjórnum á Vestfjörðum sent bréf þar sem m.a. voru kynnt drög að reglugerð um skipulag og starfsemi náttúrustofu Vestfarða ásamt grunnmynd innréttинга og kostnaði við húsakaup og áætlun um innréttingu húsnæðis. Í bréfinu er þess sérstaklega óskað að sveitarstjórnir ræði fyrir Fjórðungsþing í apríl 1996, með hvaða hætti væntanleg aðild eða þátttaka þeirra gæti orðið að náttúrustofunni og væntanlegu Náttúrugripasafni Vestfarða.

Á 41. Fjórðungsþingi Vestfirðinga (þingskjal 37 sbr. þingskjal 20) taldi þingið áfram mikilvægt að sveitarfélögin á Vestfjörðum sameinuðust um rekstur og starfsemi Náttúrugripasafns á Vestfjörðum sem og Náttúrustofu á Vestfjörðum.

Í framhaldi góðra viðbragða og afstöðu þingfulltrúa á Fjórðungsþingi hélt bæjarstjórn Bolungarvíkur áfram að vinna að því að koma náttúrustofunni á fót sem og væntanlegu Náttúrugripasafni Vestfarða í Bolungarvík

Við frekari athugun á húsnæði kom í ljós að hagkvæmara var að kaupa annað húsnæði en áður hafði verið kynnt fyrir sveitarstjórnum á Vestfjörðum.

Í ársbyrjun 1997 varð fullt samkomulag á milli bæjarstjórnar Bolungarvíkur og Umhverfisráðuneytisins um að kaupa 200 m<sup>2</sup> húsnæði að Aðalstræti 21, Bolungarvík fyrir starfsemina. Nauðsynlegar lagfæringar á húsnæðinu hófst fljótega og í maí hófst starfsemi í húsnæðinu.

Áfangar í uppbyggingu Náttúrustofu Vestfjarða voru kynntir á Fjórðungsþingi Vestfirðinga í ágúst 1997 og fjórðungsþingið ályktaði að sveitarfélög ættu að semja um þátttöku í rekstri Náttúrustofunnar

## Húsnæði

Keyptir voru 200 fermetrar á annarri hæð skrifstofuhúsnæðis að Aðalstræti 21 í Bolungarvík. Húsnæðið þarfnaðist nokkurra lagfæringa fyrir starfsemi náttúrustofunnar og er þeim nú að mestu lokið og húsnæðið verður væntanlega frágengið í byrjun maí 1998.

Í Húsnæðinu eru 4 skrifstofur 15, 18, 25 og 30 m<sup>2</sup>, í einu herbergi 24 m<sup>2</sup> hefur verið innréttuð rannsóknarstofa og að auki eru tvær litlar geymslur og einn eldtraustur skápur.

Innangengt er úr skrifstofum Náttúrustofunnar í sýningarsal Náttúrugripasafns Bolungarvíkur.

Ein skrifstofa 30 m<sup>2</sup> hefur verið leigð Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og áætlað er að Snjóflóðaeftirlitið í Bolungarvík fái aðstöðu á Náttúrustofunni.

Bolungarvíkurkaupstaður hefur séð um að ganga frá húsnæðinu og kaupverð Náttúrustofunnar er miðað við frágengið húsnæði.

## Rannsóknarstofa og Rannsóknabúnaður

Búið er að innréttu rannsóknarstofu Á Náttúrustofunni. Þar er aðstaða fyrir tvo rannsóknarmenn í einu.

Byrjað er að búa rannsóknarstofuna tækjum. Komin er mjög góð víðsjá, sem er undirstaða rannsókna á smádýrum.

Rannsóknarstofa verður seit fullbúin, heldur er eðlilegt að reynt sé að búa hana tækjum sérstaklega fyrir þau verkefni sem fyrirhuguð eru á næstunni. Þannig verður næst mál að afla nauðsynlegs útbúnaðar til vettvangsrannsókna á refum og grasafræði, því þær rannsóknir eru fyrirhugaðar næsta summar.

### Bóka og skjalasafn:

Undirstaða þess að Náttúrustofa Vestfjarða geti rækt upplýsingahlutverk sitt er að til sé gott safn heimilda, bæði bækur, skýrslur, kort, myndir, og myndbandspólur.

Mikill hluti af rannsóknum á íslenskri náttúru hefur aldrei verið gefinn út í bókum heldur er enn á skýrsluformi. Mikið af þessum skýrslum er óaðgengilegt og oft er tímafrekt að finna réttu skýrsluna.

Með því að safna saman þeim heimildum sem snúa að Vestfjörðum á einn stað á Náttúrustofu Vestfjarða er hægt að styttu þessa leit verulega og sérfræðingum, sem og almenningi þannig gert mun auðveldara að kanna þá hluti sem þeir hafa áhuga á.

Það er langtíma verkefni sem aldrei tekur enda að byggja upp gott heimildasafn. Sú stefná hefur verið tekin að kaupa ekki óskipulega það sem áhugvert er heldur miða gagnasöfnunina við þau verkefni sem eru í gangi hverju sinni.

Þegar bóka- og skjalasafnið stækkar er eðlilegt að það tengist Héraðsbókasafni Vestfjarða þannig að bækur, skýrslur og annað efni á Náttúrustofunni verði skráð hjá Héraðsbókasafninu og finnist við tölvuleit. Þessi möguleiki hefur verið nefndur í samtölum milli forstöðumanns og héraðsbókavarðar.

### Samstarf

Það er mikilvægt fyrir stofuna að vera í sem mestu samstarfi við aðrar stofnanir bæði á Vestfjörðum og annars staðar á landinu, meðal annars er yfirleitt auðveldara að fjármagna samstarfsverkefni.

Á árinu hefur verið lögð áhersla á að kynna Náttúrustofuna fyrir þeim stofnunum sem vinna að tengdum málflokkum bæði á Vestfjörðum og á landsvísu.

Í þessu sambandi er vert að benda á að víða á vestfjörðum er fólk með menntun í náttúrufræði og í tengslum við sérverkefni væri hægt að leita til þessa fólks og þannig nýta betur þá menntun sem til er í fjórðungnum. Náttúrustofan gæti líka stutt þessa aðila með aðstöðu og láni á búnaði, en útbúnað er yfirleitt auðvelt að flytja milli staða.

## Þróunarsetur

Þróunarsetur Vestfjarða hefur verið í undirbúningi á Ísafirði. Forstöðumaður náttúrustofunnar hefur verið í sambandi við Halldór Halldórsson framkvæmdastjóra Fjórðungssambandsins og það er samdóma álit að tengsl náttúrustofunnar og þróunarsetursins verði mikil, jafnvel þannig að náttúrstofan verði skilgreind sem hluti af þróunarsetrinu.

## Umhverfismál:

Vinnuhópur um stefnumótun í umhverfismálum vestfjarða var settur af stað í lok ársins Forstöðumaður náttúrustofunnar er í þeim vinnuhóp, en aðrir í hópnum eru: Aðalsteinn Óskarsson, Byggðastofnun, Anton Helgason, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Dorothee Lubecki, Ferðamálafulltrúi Vestfjarða, Einar S. Magnússon, Markaðsráðgjafi og Halldór Halldórsson, Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Hópurinn hefur haldið nokkra fundi.

## Ferðamál:

Hlutverk Náttúrustofu Vestfjarða tengist ferðamálum á margan hátt. Forstöðumaður hefur rætt það við Dorothee Lubecki, Ferðamálafulltrúa Vestfjarða og er þegar búið að skipuleggja nokkur verkefni þar sem hlutverk náttúrustofunnar er að útbúa kynningarrefni um náttúrufar Vestfjarða.

## Mengun:

Heilbrigðiseftirlit Vestfarða og Hollustuvernd Ríkisins þurfa að kanna áhrif skolpmengunar á umhverfið. Það er áætlað að Náttúrustofan komi inn í það verkefni með því að rannsaka breytingar á tegundasamsetningu dýra með tilliti til mengunar. Með nýjum tilskipunum Evrópusambandsins eru gerðar síauknar kröfur um vöktun á umhverfinu og það er líklegt að leitað verði eftir samstarfi við náttúrustofunnar í því sambandi

## Skólar

Það er mikilvægt að náttúrustofan aðstoði skóla á svæðinu eins og hægt er í fræðslu á sviði náttúrufræða. Forstöðumaður hefur kennt nokkra tíma í þöddufræðum í Framhaldsskóla Vestfjarða og aðstoðað við gerð veggspjalda.

Náttúrustofan hefur líka aðstoðað við námskeið í vistfræði þar sem unnar eru rannsóknir í Dýrafirði, þar er verið að gera námsvinnu nemenda að hluta af rannsóknum á svæðinu. Nemendur vinna byrjunina en síðan tekur náttúrustofan við (sjá rannsóknarverkefni – Skjólskógar, hér neðar)

Hlutverk náttúrustofunnar í fræðslu mun væntanlega aukast mikið, bæði með því að aðstoða kennara og nemendur við vinnu ýmissa sérverkefna, en ekki síður með aðstoð við gerð náttúrusýninga og efnis þeim tengt.

## Vatnalíffræði

Náttúrustofan aðstoðaði við uppbyggingu vatnalífssýningar á Hólum í Hjaltadal, aðallega við gerð veggspjalda og kynningarrefnis. Þetta er liður í samstarfi Hólaskóla og Náttúrustofu Vestfjarða á sviði vatnalíffræði.

## Rannsóknarverkefni:

Rannsóknir á náttúrufari Vestfjarða hafa verið allt of litlar og þurfa að stóraukast, en hitt er líka bagalegt að þær rannsóknir sem hafa verið gerðar, hafa verið framkvæmdar af mörgum aðilum án samráðs á milli rannsóknaraðila. Niðurstöður þessara rannsókna eru því dreifðar og oft mjög óaðgengilegar.

Mikilvægt verk náttúrustofunnar í byrjun hefur því verið að byrja að safna þessum upplýsingum saman. Þessu verki miðar vel og stendur til að gera yfirlitsskýrslu um "Rannsóknir á náttúrufari Vestfjarða".

Það er síðan stefnan að þessar upplýsingar verði aðgengilegar á netinu, á heimasiðu náttúrustofunnar, sem er í undirbúningi.

Grunnur náttúrustofanna liggar náttúrlega í rannsóknum og á Vestfjörðum vantar ekki verkefnin. Grunnrannsóknir eru þó langtíma verkefni, sem verður að verulegu leiti að fjármagna með styrkjum, bæði innlendum og erlendum. Það getur þó verið nauðsynlegt að náttúrstofan leggi í nokkurn kostnað við að koma verkefnum af stað og til að verkefni detti ekki alveg niður meðan verið er að fjármagna þau.

### Botndýralíf við þéttbýlisstaði

Náttúrustofa Vestfjarða hefur hafið rannsókn á áhrifum þéttbýlisstaða á lífríkið. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við Heilbrigðisefstirlit Vestfjarða og Heilbrigðisefstirlit Norðurlands vestra. Markmiðið er þrifbætt: a) að kanna hvaða breytingar hafa orðið á dýralífi í kringum þéttbýlisstað, b) vöktun þ.e. ákveða fastar stöðvar sem hægt er að fylgjast með á komandi árum, c) að kanna fánu botndýra rétt neðan fjöru, en mjög litlar upplýsingar eru til um það á Vestfjörðum.

Fyrsta sýnataka fór fram í september og er búið að taka sýni á Tálknafirði, í Bolungarvík og á Ísafirði. Úrvinnsla er hafin og fyrstu niðurstöður væntanlegar um vorið 1998.

Það er mikilvægt að taka sýnin þó að ekki sé til fé til að ljúka úrvinnslu því það gerir það mögulegt að skoða síðar hvernig ástandið var.

Það stendur til að sækja um styrk til þessa verkefnis til lýðveldissjóðs, sem styrkir sjávarrannsóknir.

### Hornstrandir

Í framhaldi af aukafjárveitingu Alþingis til rannsókna á Hornströndum hefur verið unnið að rannsóknaráætlun.

Margt bendir til að Náttúrustofan taki þátt í refarannsóknum í samvinnu við Pál Hersteinsson

Það er líka verið að vinna að áætlun um grasafræðirannsóknir og það hefur komið tals að hingað komi þýskur námsmaður sem byggi doktorsritgerð sína á rannsóknum á Hornströndum

## Skjólskógar

Miklar áætlanir eru um skógrækt í Dýrafirði og Önundarfirði undir yfirschriftinni Skjólskógar. Það er mikilvægt að fylgjast með breytingum á landinu frá byrjun, þegar ráðist er í slík verkefni. Náttúrustofan hefur verið í sambandi við Sæmund Þorvaldsson og Arnlín Óladóttur um skipulag og framkvæmd slíkrar vöktunar.

Vonast er til að í sumar verði hægt að byrja á gróðurkortagerð fyrir svæðið og úttekt á tegundasamsetningu flórunnar á völdum stöðum

Skipuleg söfnun smádýra er þegar hafin í samvinnu við Framhaldsskóla Vestfjarða. Sérstakt námskeið hjá Smára Haraldssyni fjallar um vistfræði svæðisins og nemendur á því námskeiði taka sýnin eftir fyrirframgerðri áætlun.

## Straumvötn:

Undanfarin ár hafa Gísli Már Gíslason prófessor í vatnalíffræði við Háskóla Íslands og Hákon Aðalsteinsson líffræðingur á Orkustofnun verið við rannsóknir á íslenskum straumvötnum. Í sumar er áætlunin að skoða þrjár ár á Vestfjörðum og í því sambandi var óskað eftir styrk frá Orkubúi Vestfjarða. Orkubúið ætlar að styrkja verkefnið og er með í ráðum um hvaða ár verða valdar til skoðunar. Náttúrustofa Vestfjarða mun taka þátt í þessum rannsóknum

## Skötuormur:

Forstöðumaður Náttúrustofunnar hefur undanfarin þrjú ár verið verkefnisstjóri rannsóknarverkefnisins “Vistfræði skötuormsins (*Lepidurus arcticus* (Pallas)). Það hefur meðal annars komið í ljós að skötuormurinn er mun algengari á Vestfjörðum en áður var talið og er jafnvel undirstaða fiskstofna í einhverjum vötnum. Verkefnið er unnið í samvinnu við Hilmar Malmquist á Náttúrufræðistofu Kópavogs og Hrefnu Sigurjónsdóttur í Kennaraháskóla Íslands og núna er Náttúrstofa Vestfjarða aðili að þessu samstarfi.

Verkefnið hefur verið styrkt þrisvar sinnum af Rannsóknaráði Íslands (RannÍs) og er verið að ganga frá lokaskýrslu. Í framhaldi af henni verða skrifðar tvaer greinar sem verða sendar til aljóðlegra tímarita í vistfræði og ein yfirlitsgrein á íslensku sem væntanlega verður send til Náttúrufræðingsins. Nú þegar hefur veggspjald verið samþykkt til birtingar á Alþjóðlegri ráðstefnu um vatnalíffræði (SIL) sem haldin verður í Írlandi í sumar.

Sérverkefni “Eggjaframleiðsla skötuormsins” byggt á sýnasafni verkefnisins, sem er varðveitt á Náttúrustofu Vestfjarða, var styrkt af nýsköpunarsjóði námsmanna síðastliðið sumar með mótfamlögum af styrk frá Rannís og Náttúrustofu Vestfjarða. Styrkþegi Finnur Ingimarsson vann verkefnið á Náttúrustofu Vestfjarða og Líffræðistofnun Háskólans. Skýrslu var skilað til Nýsköpunarsjóðs og verið er að vinna að tímaritsgrein um rannsóknina upp úr þeirri skýrslu.

## Þjónusta við almenning

Fyrirspurnum frá almenningi fjölgar stöðugt og fólk er farið að koma með þöddur til greiningar. Oft kemur í ljós að kvíkindi sem fólk heldur að séu skaðræðisgripir er til tölulega saklausir gestir sem ekki er sérstök ástæða til að gera veður út af.

Náttúrustofan hefur einnig rætt við nokkra aðila um að halda fyrirlestra um náttúrufræðileg efni. Þannig er ráðgert að í maí 1998 komi fiskifræðingar frá Hólaskóla og haldi námskeið um veiðíar og fiskeldi.

Náttúrugripasafn:

Það hefur verið samið um að Náttúrstofan aðstoði við uppbyggingu Náttúrugripasafns í Bolungarvík og stofan mun náttúrlega veita öðrum bannig aðstoð ef eftir er leitað.

Sýningarsalur Náttúrugripasafns Bolungarvíkur er yfir 300 m<sup>2</sup>. Innangengt er úr sýningarsalnum yfir í húsnæði Náttúrustofunnar.

Samstarf Náttúrustofunnar við aðila sem eru að setja upp náttúrugripasýningar gerir stofuna sýnilegri og hvetur fólk til að koma og leita sér upplýsinga.

Fjölmjölar

Á árinu hafa komið fyrirspurnir frá mörgum fjöldum um ýmislegt sem tengist náttúru Vestfjarða. Það er mjög líklegt að þeim fyrirspurnum muni fjölgja þegar Náttúrustofan festir sig í sessi.

Karlsson Einsson

Þorleifur Eiríksson  
forstöðumaður